

## GJALDSKRÁ

### fyrir katta- og hundahald í Húnabyggð.

#### 1. gr.

Af hundum og köttum í þéttbýli Húnabyggðar skal bæjarsjóður innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari sem eru ætluð til að standa undir kostnaði við framkvæmd samþykktar um hundahald í Blönduósbæ, nr. 242/2004 og samþykkt um kattahald í Blönduósbæ, nr. 1121/2005.

#### 2. gr.

Við umsókn um skráningu hunds í fyrsta sinn skal innheimta skráningargjald að fjárhæð kr. 3.640 ásamt árlegu leyfisgjaldi vegna hunds að fjárhæð kr. 11.500 miðað við heilt ár. Við umsókn um skráningu kattar í fyrsta sinn skal innheimta skráningargjald að fjárhæð kr. 3.700 ásamt árlegu leyfisgjaldi vegna katta að fjárhæð kr. 4.200 miðað við heilt ár. Leyfisgjaldið lækkar svo eftir því sem líður á árið þegar kemur til fyrstu skráningar, gjaldið er í janúar - mars 100%, apríl - júní 75%, júlí – september 50% og október - desember 25%.

Leyfisgjald er ekki endurgreitt þrátt fyrir breytingar á katta- eða hundahaldi innan ársins.

#### 3. gr.

Greiðsla fyrir ábyrgðartryggingu hunda er innifalin í gjaldi sem innheimt er samkvæmt 2. gr. Í þessu sambandi vísast til e- og f-liðar 2. gr. samþykktar um hundahald í Blönduósbæ nr. 242/2004, sem kveða á um skyldur hundaeigenda til að hafa hunda sína ábyrgðartryggða og er tryggingin innfalin í gjaldinu enda sé það í skilum.

Árleg hundahreinsun er á ábyrgð eigenda og framkvæmd hennar í höndum hundaeigenda. Húnabyggð auglýsir 2 daga á ári þar sem boðið er upp á hundahreinsun sem er innifalin í gjaldinu. Að öðrum kosti ber þeim að snúa sér til dýralæknis sem annast hana á kostnað hundaeigenda.

#### 4. gr.

Við afhendingu handsamaðs hunds eða kattar skal innheimta handsömunargjald sem hér segir:

Fyrsta afhending	kr. 11.800
Önnur afhending	kr. 21.000
Þriðja afhending	kr. 32.500
Við afhendingu hunds/kattar sem ekki er gilt leyfi fyrir	kr. 25.500

Að auki skal umráðamaður hunds/kattar greiða þann kostnað sem leggst á vegna dvalar eða geymslu viðkomandi hunds/kattar. Óskráða hunda/ketti má ekki afhenda fyrr en að lokinni skráningu og greiðslu skráningargjalds og annars áfallins kostnaðar.

#### 5. gr.

Gjalddagi leyfisgjalda er 1. mars og eindagi 30 dögum síðar. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga. Um innheimtu gjalda fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum. Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

#### 6. gr.

Eigendur blindra-, leitar- og björgunarhunda eiga rétt á niðurfellingu gjalda samkvæmt 2. og 3. gr., enda leggi þeir fram skilríki um að hundarnir séu notaðir í þeim tilgangi.

#### 7. gr.

Ofangreind gjaldskrá sveitarstjórnar Húnabyggðar staðfestist hér með samkvæmt 59. gr. laga nr. 7/1998, með síðari breytingum, um hollustuhætti og mengunarvarnir, samanber samþykkt um hunda-

Nr. 1748

15. desember 2022

hald í Blönduósbæ nr. 242/2004 og samþykkt um kattahald í Blönduósbæ nr. 1121/2005, til að öðlast gildi við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1747/2021.

*Húnabyggð, 15. desember 2022.*

**Pétur Arason** sveitarstjóri.

---

B-deild – Útgáfudagur: 1. febrúar 2023